

Kirkjuþing 2021-2022

7. mál – þskj. 7

T I L L A G A

til þingsályktunar um breytingu á Viðbragðaáætlun Þjóðkirkjunnar.

(í ljósi heimsfaraldurs).

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm: Agnes M. Sigurðardóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingar á viðbragðaáætlun kirkjunnar:

1. Í II. kafla um hlutverk hópslysanevndar kirkjunnar, bls. 6 breytist liður c) í d) og nýr liður c) verður til:

c) Almannaástandi án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur

- hópslysanevnd kemur saman eða heldur símafund sem fyrst, eftir að almannaástandi hefur verið lýst yfir
- hópslysanevnd er í viðbragðsstöðu vegna mögulegrar beiðni um aðstoð
- hópslysanevnd útfærir viðbragð í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld
- hópslysanevnd er til taks um ráðgjöf og stuðning við biskup Íslands um viðbrögð kirkjunnar í því ástandi sem er.

2. Í III. kafla um hlutverk prófasts bls. 7 breytist liður c) í d), d) liður verður e) og nýr liður c) verður til:

c) Almannaástandi án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur

- prófastur fær boð um að almannaástandi hafi verið lýst yfir
- prófastur virkjar viðbragðaáætlun eftir því sem við á.

Greinargerð.

Hópslysanevnd starfar á grundvelli viðbragðaáætlunar Þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2004. Nefndin hefur yfirumsjón með skipulagi á viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa og þegar almannaástand ríkir.

Hópslysanefnd ber ábyrgð á endurskoðun viðbragðaáætlunar kirkjunnar að aðgerðum loknum og því að halda áætluninni virkri milli aðgerða með reglubundnum æfingum, eins og segir m.a. í II. kafla a).

Á tímum heimsfaraldursins, vegna Covid-19, hefur almannavarnarástand ríkt á tímabilum. Hópslysanefnd hefur því tekið áætlunina til umfjöllunar, á grundvelli ofangreinds hlutverks, og lagt fram fyrir biskup Íslands tillögu að breytingum í ljósi þeirrar reynslu sem nefndin hefur öðlast á tímum heimsfaraldursins.

Með þessari þingsályktun er fylgiskjal þar sem ofangreindar tillögur að breytingum eru felldar inn í nógildandi viðbragðaáætlun.

Nefndin ræddi jafnframt að heppilegt væri að finna nýtt nafn á nefndina, þar sem hugtakið hópslysanefnd er ögn misvísandi í ljósi þess víðtæka hlutverks sem nefndin sinnir. Betra nafn væri ef til vill **viðbragðsnefnd þjóðkirkjunnar**, sem væri þá í samhljóðan við þá áætlun sem nefndin starfar eftir, viðbragðaáætlun þjóðkirkjunnar.

Tillagan felur ekki í sér kostnaðarauka fyrir kirkjuna.